



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 142/205*  
*komudagur 3.10.2013*

Nefndarsvið Alþingis  
[nefndarsvid@althingi.is](mailto:nefndarsvid@althingi.is)

Reykjavík 3. október 2013  
Tilvísun: 201309-0016

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi.  
Þingskjal 96 – 37. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi, 37. mál.

Eitt af baráttumálum verkalýðshreyfingarinnar hefur verið að stuðla að samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu. Óvissa um dagvistun ungbarna eftir að fæðingarorlofi lýkur getur haft áhrif á gæði fjölskyldulífs. Að sama skapi er það mikilvægt fyrir einstaklinga á vinnumarkaði að búa við þann fyrirsjáanleika að vistunarmöguleikar ungbarna eftir að fæðingarorlofi lýkur séu traustir.

Í ljósi framanritaðs styður ASÍ þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllt,

f.h. Alþýðusambands Íslands

Marianna Traustadóttir

Sérfræðingur

Alþýðusamband Íslands

Sættúni 1 • Reykjavík  
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601  
asi@asi.is • www.asi.is